

**Fundur samstarfsnefndar Reykjavíkurborgar og Proskaþjálfafélag Íslands þann 16.
apríl 2014 kl. 00:30 haldinn í húsakynnum Ríkissáttasemjara Borgartúni 21.**

Mættir:

F.h. Proskaþjálfafélag Íslands: *Laufey Elísabet Gissurardóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir*

F.h. Reykjavíkurborgar: *Guðfinnur Þór Newman og Lóa Birna Birgisdóttir*

- Aðilar hafa hafið sameiginlega vinnu við endurskoðun á starfsmatskerfinu SAMSTARF. Reykjavíkurborg hefur samhliða þeirri vinnu rýnt forsendur starfsmatskerfisins og þær breytingar sem nýlega hafa orðið á því hjá sveitarfélögum í Bretlandi. Sérstaklega var horft til niðurstöðu sameiginlegrar endurskoðunarvinnu sveitarfélaga og stéttarfélaga í Bretlandi sem nýlega hefur farið fram. Á þeim forsendum tryggir Reykjavíkurborg að neðangreind störf taki eftirfarandi hækjunum. Við þennan útreikning er miðað við efsta þrep grunnlunaflokks hvers starfs miðað við launatöflu starfsmatsfélaga sem tók gildi 1. mars 2013.

Starfsheiti	Hækkun %	Fjöldi í starfi
SFS.5330.deildarstjóri einhverfudeildar Fellaskóla.	9%	1
SFS.Ráðgjafaproskaþjálfí í sérskóla	7%	2
SFS.5330.ráðgjafi í fardeild.	7%	1
SFS.5339.Ráðgjafaproskaþjálfí.	7%	1
SFS.5330.yfirþroskaþjálfí 3.	10%	35
SFS.5330.yfirþroskaþjálfí 1.	8%	14
SFS.5330.yfirþroskaþjálfí 2.	8%	12
SFS.5330.þroskaþjálfí í grunnskóla.	10%	7
SFS.5330.þroskaþjálfí í leikskóla.	10%	34
VEL.5330.forstöðumaður búsetuþjónustu fl. geðfatlaða.	7%	2
VEL.5330.forstöðumaður/málefni fatlaðra.	4%	32
VEL.5330.yfirþroskaþjálfí / málefni fatlaðra.	9%	5
VEL.5330.deildarstjóri/málefni fatlaðra.	9%	20
VEL.5330.þroskaþjálfí/málefni fatlaðra.	8%	28
VEL.5330.verkefnisstjóri þekkingarmiðstöð.	4%	4
SFS.5330.verkefnisstjóri á skrifstofu frístundamála í málefnum fatlaðra.	4%	1
SFS.5330.frístundaráðgjafi- verkefnisstjóri- sérdeild.	6%	5
VEL.5330.ráðgjafi í fleiri samningum, parað	1%	2

Aðilar eru sammála um að fyrrgreind breyting komi til framkvæmda þann 1. júlí 2014 og gildi frá 1. febrúar 2014. Leiði endurskoðunarvinna starfsmatsins til frekari breytinga munu þær koma til framkvæmda í síðasta lagi 1. nóvember 2014 og gilda frá 1. febrúar 2014.

Fyrrgreindar breytingar öðlast gildi samhliða samþykkt samnings um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila sem undirritaður var 16. apríl 2014.

*Glynn Garsdóttir
Rím Jóns*

2. Með bókun með kjarasamningi sem tekur gildi 1.apríl 2014 er samið um skiptingu 30 klukkustunda þjálfunar- og undirbúningstíma yfirþroskaþjálfa 3 í grunnskóla þannig að þjálfunarstundir verða 17,33 klukkustundir.

Komi upp álitamál er varða vinnutímaskilgreiningu einstakra þroskaþjálfa verði það lagt til umræðu og afgreiðslu í samstarfsnefnd aðila.

Verði breytingar á ákvæðum um vinnutímaskilgreiningu í kjarasamningi kennara á tímabilinu verður bókun þessi tekin til endurskoðunar í samstarfsnefnd.

3. Aðilar eru sammála um að fara í sameiginlega vinnu við skilgreiningar á störfum þroskaþjálfa á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Skal skipa vinnuhóp fyrir 1. maí 2014 og skal vera fulltrúi þroskaþjálfa frá leikskóla, grunnskóla, frístundaheimilum og sértæku frístundastarfi. Markmiðið er að uppfæra og/eða vinna starfslýsingar fyrir störf þroskaþjálfa ásamt því að skoða hvort tilefni sé til endurskoðunar starfslýsinga með tilliti til breyttis hlutverks þroskaþjálfa í almennum leik- og grunnskólum og frístundarheimilum, einnig í frístundastarfi við Klettaskóla fyrir fötluð börn og ungmenni og frístundaklúbba borgarinnar. Sérstaklega verði horft til sameiningar á starfi yfirþroskaþjálfa 1 og 3 í grunnskólum þannig að aðeins verði um að ræða eitt starf yfirþroskaþjálfa í grunnskólum. Þessari vinnu verði lokið fyrir 1. júlí 2014 og tekur gildir 1. ágúst 2014.
4. Aðilar eru sammála um að eingreiðslur sem greiddar eru samkvæmt samningi um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila sem undirritaður var 16. apríl 2014 verði á samningstímanum greiddar starfsmönnum í fæðingarorlofi.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 00:45

Göðu
John Brívarður Þorláksson

Sæmundur E. Gissurarson
Anna Hilja Magnúsdóttir